



# ÞAGNARSKYLDA

Á Landspítala er skylt að gæta þagmælsku um öll þau atriði sem einstaklingur fær vitneskju um í starfi sínu eða námi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum stjórnanda eða ef um er að ræða atriði sem rétt er og eðlilegt að leynt skulu fara. Þagnarskylda nær meðal annars til hvers konar myndatöku, myndbirtinga, notkun samfélagsmiðla og spjall í hópum innan sem utan vinnu. Öll vitneskja um sjúklinga, sjúkdóma þeirra og meðferð er háð þagnarskyldu og helst hún þó að sjúklingur andist. Þagnarskylda nær einnig yfir málefni er varða starfsmenn, gesti og aðra viðskiptavini Landspítala sem og starfsemi spítalans. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi / námi, rannsóknar- eða verkefnavinnu.

Sjá nánar [verklagsreglu um þagnarskyldu](#)